

---

## Til forráðamanna

*Kæri forráðamaður!*

*Hlutverk námsráðgjafa er að vinna*

*með nemendum, forráðamönnum,*

*kennurum og öðrum sérfræðingum*

*innan og utan skólans að ýmiss*

*konar velferðarstarfi er snýr að*

*námi, líðan og framtíðaráformum*

*nemenda. Allir nemendur og*

*forráðamenn þeirra eiga kost á að*

*nýta sér þjónustu námsráðgjafa.*

*Þeir geta komið að eigin frumkvæði*

*eða verið vísað af starfsmönnum*

*skólans.*

*Teljir þú að barnið þitt eða þú*

*þurfir á viðtali að halda skaltu hafa*

*samband við námsráðgjafa eða*

*ritara skólans og óska eftir viðtali.*

*Þuríður Hallgrímsdóttir*

*Náms- og starfsráðgjafi*

**Náms- og starfsráðgjafi Síðuskóla er  
Þuríður Anna Hallgrímsdóttir.**

**Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er  
við íþróttahús, á sama gangi og  
hjúkrunarfræðingur.**

**Náms- og starfsráðgjafi er við alla  
virka daga. Hægt er að hafa samband  
í tölvupósti á netfangið  
thuriduranna@akmennt.is eða í síma  
4622588.**

**Munum að:**

**Allir eru góðir í  
einhverju.**

**Enginn getur allt.**

---

---

## NÁMSRÁÐGJÖF Í Síðuskóla



**Allir nemendur og forráðamenn  
þeirra eru velkomnir til  
námsráðgjafa**

---

Náms- og starfsráðgjöf er fyrir  
alla nemendur !

Lögð er áhersla á að  
ráðgjafinn standi öllum  
nemendum til boða. Ekki  
þarf að vera sérstakt  
vandamál eða vanlíðan hjá  
nemendum til að þeir geti  
komið í viðtal. Námsráðgjafi  
getur einnig boðað nemendur  
til viðtals án þess að vandi  
sé fyrir hendi.

#### Trúnaður:

Námsráðgjafinn er bundinn  
þagnarskyldu varðandi allar  
þær upplýsingar sem hann  
fær um mál einstakra  
nemenda eða nemendahópa.

#### Helstu verkefni námsráðgjafans:

- ♦ Veitir ráðgjöf varðandi námstækni og vinnubrögð í námi.
- ♦ Veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.
- ♦ Veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- ♦ Stendur vörð um velferð nemenda og er trúnaðar- og talsmaður þeirra.
- ♦ Tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólunum.
- ♦ Undirbýr nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.
- ♦ Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- ♦ Sinnir fyrirbyggjandi starfi með fræðslu.
- ♦ Hjálpar nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.

#### Hvenær get ég leitað til námsráðgjafa?

- ♦ *Ég á erfitt með að skipuleggja heimanámið og tímann minn.*
- ♦ *Ég vil gjarnan ræða framtíðardrauma mína við aðra.*
- ♦ *Ég hef áhuga á mörgu en veit ekki hvert ég á að stefna.*
- ♦ *Mér líður vel og langar að ræða það við einhvern.*
- ♦ *Ég er einmana.*
- ♦ *Foreldrar mínir vilja allt fyrir mig gera en stundum finnst mér þeir ósanngjarnir.*
- ♦ *Ég finn fyrir leiða og áhugaleysi.*
- ♦ *Ég hef hugmyndir sem ég þarf að bera undir einhvern sem getur aðstoðað mig.*
- ♦ *Ég er að flytja og ég finn fyrir kvíða.*
- ♦ *Hvaða nám er í boði í framhaldsskólum?*
- ♦ *og svo framvegis...*